

102

20. júlí

[Fálkamerki yfirsíldarmatsmanns og ártalið undir].

Þetta merki þýðir, að í tunnunni sé umpökkuð síld, góð og vel verkuð vara í alla stadi. Í tunnu með þessu merki skal síldin hafa verið vegin í hverri einstakri tunnu og hún umpökkuð undir stjórn matsmanna. Yfirmatsmenn hafa ábyrgð á, að vegin sé rétt í öllum tunnnum með þessu merki. Vegin skal vera jöfn í öllum tunnnum í sömu heild, sem þetta merki hafa, og aldrei minni en 95 kílógröm. Þetta merki má ekki setja á tunnur með ókverkaðri síld.

Ak. er fangamark yfirsíldarmatsmannsins á Akureyri.

Sf. er fangamark yfirsíldarmatsmannsins á Siglufirði.

103

20. júlí

Erindisbréf**fyrir síldarmatsmenn.****1. gr.**

Síldarmatsmennirnir eða undirmatsmennirnir eiga að kappkosta að verða sem færastir í að geta dæmt um gæði síldar og meðferð hennar og sem leiknastir í að aðgreina hana.

2. gr.

Yfirsíldarmatsmennirnir, hvor í sínu umdæmi, eru yfirboðarar þeirra, og eru þeir aðstoðarmenn yfirmatsmanna við skoðun nýrrar síldar og mat og merking á tunnnum með saltaðri síld.

Þeir mega ekki vera í burtu frá síldveiðastöð þeirri, sem þeir eru skipaðir fyrir, meðan á veiðunum stendur, nema með leyfi yfirmatsmanns.

3. gr.

Þeir eru skyldir að fara eftir fyrirskipunum yfirmatsmanns og leitast við að gjöra honum til hæfis, þegar þeir eru undir stjórn hans.

4. gr.

Þegar síldveiðaskip kemur að landi með ósaltaða síld, sem saltast á í

lagarheldar tunnur, eru þeir skyldir að vera til taks, þegar þeim er gjört aðvart af hlutaðeigandi skipstjóra. Skulu þeir þá tafarlaust fara út á skipið, sem síldina hefir, hvort heldur er að degi eða nóttu. **103** 20. júlí

Áður en skoðunin fer fram, skal hlutaðeigandi skipstjóri afhenda matsmönnum útfyllt og undirskrifuð eyðublöð þau, sem umgetur í 4. gr. laga um skoðun á síld 11. júlí 1911. Og mega matsmenn ekki framkvæma skoðunina fyrri en það er gjört.

5. gr.

Skoðunin skal fara svo fram, að tveir menn skoði síldina í hverju skipi, svo að þeir geti vottað hvernig hún hefir verið, þegar hún var söltuð til útflutnings, eða er fyrirboðin var söltun hennar til útflutnings í lagarheldum tunnum, ef um það er að ræða.

Komi það fyrir við vinnuna, hvort sem það er við mat á nýrri eða saltaðri síld, að matsmenn séu í efa um eitthvað, eða komi eitthvað fyrir, sem yfirmatsmaður hefir ekki gefið þeim fyrirskipanir eða leiðbeiningar um, skulu þeir leita hans og fá fyrirskipanir hans um, hvað gjöra skuli; en verði því ekki við komið, skulu þeir ráða það úr, sem þeim sýnist réttast, og skýra honum svo frá því sem fyrst.

Þeir skulu og skýra honum frá eða leita til hans, ef þeim er sýnd nokkur óhlýðni af vinnufólki eða skipsmönnum eða öðrum, sem eiga síldina eða sjá um hana að einhverju leyti.

6. gr.

Sé síld svo skemd, að hún geti ekki orðið góð verzlunarvara til manneldis að áliti matsmanna, skulu þeir tafarlaust skýra umsjónarmanni síldarsöltunarinnar, sem hlut á að máli, frá því.

Sé slík síld söltuð í lagarheldar tunnur, skulu matsmenn brenna orðið »skemd« á bumbu hvernar slíkrar tunnu, eða auðkenna þær, á bumbuna á annan hátt, svo þær séu auðþektar.

Tunnur með skemdri síld, skal hafa á öðrum stað en tunnur með óskemdri síld, og skulu matsmenn hafa eftirlit með, að það sé gjört, af þeim sem síldina á eða sér um hana.

Hafi síld ekki verið aðgreind í veiðiskipi eftir því á hvaða tíma hún veiddist, eða hafi síld skemst af hita eða öðru í veiðiskipi, og blandast svo saman við óskemda síld, ber matsmönnum að skoða þann hluta aflans í skipinu, sem hin skemda síld hefir blandast saman við, óhæfan til útflutnings í lagarheldum tunnum.

7. gr.

Allar tunnur, sem á að salta í herpinótasíld eða reknetasíld, eiga að vera merktar þegar þær eru láttnar af hendi til að salta í þær. Merki þessi skulu vera greinilega skrifuð á efra botninn og sýna: 1) mánaðardag, er síldin er söltuð, 2) síldartegund þá, sem salta á í tunnuna og 3) númer þess manns eða

103 þeirrar konu, sem sildina saltar; skulu sildarmatsmennirnir hafa eftirlit með því.
20. júlí Yfirmatsmaður skipar fyrir um hvernig merkja skuli.

Sildarmatsmennirnir skulu líta eftir, að sild sé ekki söltuð í tunnur, sem áður hafa verið merktar, nema merkin séu áður afmáð.

8. gr.

Á vikufresti skulu þeir senda yfirmatsmanni eyðublöð þau, sem getur um í 4. gr. og skipstjórar fylla út og undirskrifa, ennfremur skýrslu um, hve margar tunnur saltaðar hafa verið af hverju skipi til útflutnings, og hve margar tunnur af hverju skipi hafi verið dæmdar óhæfar til útflutnings og hvað gjört hefir verið við þá sild.

9. gr.

Kaup sildarmatsmanna skal ákveðið af yfirsildarmatsmönnum, og skal það greitt af útgerðarmönnum eða þeim öðrum, sem sild er skoðuð fyrir.

Þeim er stranglega bannað að taka á móti nokkurri annari þóknun eða góðgerðum, hverju nafni sem nefnist, frá þeim, sem sildina láta salta, frá skipstjórum eða skipsmönnum eða öðrum, sem eiga að sjá um sildina. Skoði þeir hjá fleiri skipum í einu, skal jafna kostnaðinum niður að réttu hlutfalli.

10. gr.

Þeir, sem sildina láta salta eða skoða, gjalda þeim kaup þeirra fyrir vinnuna og skulu þeir skrifa reikning um vinnulaunin og láta yfirmatsmann skrifa á hann, að hann sé réttur, áður en þeir beidast þess, að hann sé borgaður, sem þeir að sjálfsgöðu eiga heimting á að sé gjört í peningum þegar í stað.

11. gr.

Aðalstarf þeirra er við skoðun sildar á þeim stað, þar sem þeir eru skipaðir. Þó eru þeir skyldir að fara með yfirmatsmanni til annara staða í umdæmi hans, þegar hann kveður þá til að aðstoða sig þar við sildarskoðun. Sildarmatsmanni er og skylt að framkvæma yfirsildarmatsmannastörf, er yfirmatsmaður kveður hann til þess í forföllum sínum. Fyrir vinnu við skoðun sildar á stöðum utan þess svæðis, sem þeir eru skipaðir fyrir, ákveða yfirsildarmatsmennirnir einnig kaup þeirra, og eftir atvikum fæðispeninga og ferðakostnað.

Yfirmatsmaður skrifar á reikning þeirra og lögreglustjóri eða umboðsmaður hans á staðnum úrskurðar þá, ef hlutaðeigendur geta ekki komið sér saman.

12. gr.

Þeir rita undir eiðstaf um, að þeir vilji rækja þær skyldur, sem á þeim hvíla, með alúð og kostgæfni og hlýðnast erindisbréfi þessu.

Þeir eru skyldir til að sætta sig við þær breytingar, sem gjörðar kunna að verða á erindisbréfi þessu. 103
20. júlí

Í stjórnarráði Íslands, 20. júlí 1911.

Í fjarveru ráðherra.

Kl. Jónsson.

Jón Hermannsson.

Samþykkt

um silungsveiði í Þingvallavatni.

104
29. ág.

Sýslunefndin í Árnessýslu hefir, samkvæmt lögum 30. júlí 1909 um samþykktir um friðun silungs og veiðiaðferðir í vötnum, gert eftirfarandi samþykkt um silungsveiði í Þingvallavatni.

1. gr.

Hver jörð, sem land á að Þingvallavatni, á veiðirétt í því fyrir sínu landi út í mitt vatnið til móts við ábúandann gagnvart sér. Verði ágreiningur milli veiðieigenda um mörkin í vatninu, geta þeir snúið sér til veiðinefndarinnar og látið hana skera úr ágreiningnum.

2. gr.

Ekki má hafa meiri net í vatninu í einu fyrir landi hverrar jarðar en 200 faðma af murtunetum og 125 faðma af stórsilungsnetum, og af lóð 200 öngla. Írekstrarveiði má stunda frá því ís fer af vatninu á vorin til 20. júní.

Nú eiga tveir eða fleiri veiðirétt sömu jarðar, og skiftist þá netalengd og lóð hlutfallslega milli þeirra. En þó skal ábúendunum á Heiðarbæ (sem eru tveir) leyft að hafa þar netautveg sem fyrir landi tveggja jarða.